

Skógarvörðurinn á Vöglum.



STARFSÝRSLA FYRIR ÁR 1978.



Ísleifur Sumarliðason.



Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1978.

.....

1. VEDURFAR ÁRSINS.

Janúar var frekar umhleypingasamt, en suðlæg átt var tíðust að tiltölu. Úrkoma var talsvert meiri en í meðallagi, hiti neðan við meðallag.

Jarðskjálftar voru dagana 9. - 12. janúar og fundust þeir a. m. k. sjö sinnum.

Meðalsnjódýpt var 63 cm., hámark hita mældist 8.0 stig 13. janúar, lágmark -21.7 stig 17. s. m.

febrúar var breytileg átt, en þó einkum austlæg og suðaustlæg átt. Talsverður snjór var, einkum s. hl. mánaðarins. Meðalsnjódýpt var 77 cm.

Hitu var neðan við meðallag. Hámark hita mældist 3.6 stig 6. febrúar, lágmark -18.9 stig 15 s. m.

marz var tíðarfarið heldur éstöðugt og úrkomusamt. Átt var breytileg og talsverður snjór. Hitu var rétt ofan við meðallag.

Meðalsnjódýpt var 91 cm. Hámark hita mældist 8.6 stig 18. marz, lágmark -16.2 stig 5. s. m.

apríl var suðlæg átt tíðust að tiltölu. Hitu var ofan við meðallag, en úrkomulítið.

Meðalsnjódýpt var 70 cm. og var talið snjólaust þrjá síðustu daga mánaðarins. Hámark hita mældist 10.6 stig 16. apríl, lágmark -11.8 stig 12. s. m.

maí var suðlæg átt tíðust. Hitu var lítið eitt ofan við meðallag. Gróðri fór hægt fram enda voru næturfröst tíð, en þó ekki hörð.

Um 10. maí er brum á lerki talsvert farið að þrútna og á lækki og að byrja á birki. Þann 23. s. m. var lerki farið að grænka og brum á birki mjög farið að þrútna.

Hámark hita mældist 14.1 stig 9. maí, lágmark -10.0 stig 4. s. m.

Í júní var breytileg átt, en norðlæg átt var þó mest áberandi. Hiti var lítið eitt neðan við meðallag og fór gróðri hægt fram. Kal var nokkuð víða í tünnum. Næturfröst mældust núu sinnum á lágmarksmáli við jörð. Skemmdir urðu þó ekki í gróðrarstöðinni, vegna þess hve gróðri fór hægt fram.

Byrjun mánaðarins var skógurinn að byrja að laufgast og lerkjó að verða algrænt. Allaufgaður taldist skógurinn 13. júní.

Hámark hita mældist 18.4 stig 15. júní, lágmark -1.6 stig 23. s. m.

Í júlí var norðlæg átt tíðust, þó var ekki eins kalt eftast er í þeirri átt, hiti lítið eitt neðan við meðallag.

Heyskapur hófst seint og gekk hægt. Víðast var sláttur hafinn um ~~skógan~~ 20. júlí. Úrkoma var talsverð, einkum síðari hluta mánaðarins.

Hámark hita mældist 20.0 stig 9. júlí, lágmark 2.7 stig 21. s. m.

Í ágúst var suðlæg átt tíðust. Tíðarfarir var hagstætt fyrir heyskap og gróður yfirleitt, enda var hitinn um tveim stigum fyrir ofan meðallag.

Um 27. ágúst fóru að sjást haustlitir á skóginum.

Hámark hita mældist 23.1 stig 23. ágúst, lágmark -1.4 stig 25. s. m. Fröst mældist tvisvar á lágmarksmáli við jörð, mest -3.3 stig 25. ágúst.

Í september var nokkuð breytileg átt, en suðlæg átt þó einna tíðust. Hiti var nokkuð neðan við meðallag. Þann 18. september var skógurinn mjög farinn að gulna og var lauffall þá að byrja. Mest var lauffallið 23. og 26. september og var skógurinn lauflaus 30. s. m.

Næturfröst voru tíð, en væg, svo að skemmdir á trjágróðri voru lítið sem engin. Fröst mældist 14 sinnum á lágmarksmáli við jörð, mest -6.3 stig 17. sept.

Hámark hita mældist 15.9 stig 4. sept., lágmark -4.2 stig 17. s. m.

Í október var breytileg átt. Suðlæg átt var einna einna tíðust. Hiti var lítið eitt neðan við meðallag. Snjódypt mældist átta sinnum, mest 30 cm. 20. okt. Hámark hita mældist 13.9 stig 26. október, lágmark -7.4 stig 20. s. m.

Í nóvember var nokkuð breytileg átt, en einkum var þó suðlæg- eða suðaustlæg átt. Hiti var nokkuð neðan við meðallag. Meðalsnjódypt mældist 28 cm. Hámark hita mældist 10.2 stig 28. nóvember, lágmark -17.2 stig 27. s. m.

Í desember var aðallega ríkjandi S.austlæg átt, en mjög umhæypingasamt. Óvenju snjólitíð, meðalsnjódypt var 7 cm. Hámark hita mældist 6.8 stig 18. desember, lágmark -17.5 stig 21. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1978.

	<u>Vik frá meðall.</u>	<u>Meðalhiti C°</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	-1.9	-4.9 (-3.8)	105.4 (85.6)
Febrúar	-2.7	-5.8 (-5.5)	56.8 (26.5)
Mars	0.2	-1.7 (-0.9)	90.0 (70.4)
Apríl	1.3	1.4 (-2.0)	10.6 (58.0)
Mai	0.8	5.9 (5.5)	32.2 (1.8)
Júní	-0.3	8.4 (9.0)	27.3 (15.8)
Júlí	-0.6	10.3 (11.0)	63.9 (83.4)
Agúst	2.0	11.3 (9.3)	14.4 (46.9)
September	-1.4	5.0 (6.6)	43.8 (38.4)
Október	-0.4	2.6 (1.8)	71.7 (125.1)
Nóvember	-2.0	-2.5 (3.7)	88.3 (131.7)
Desember	-0.1	-1.4 (-2.1)	30.7 (59.3)
<u>Árið</u>		<u>2.4 (2.8)</u>	<u>633.1 (742.9)</u>

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu ársins 1977.

2. VÖXTUR OG ÞRÍTRJÁGRÓÐURS.

a. Laufgun og lauffall.

Þann 23. maí var lerkí farið að grænka og brum á birki mjög farið að þrútna.

Í byrjun júní var skógurinn farinn að litkast og lerkíð að verða algrænt.

Skógurinn taldist allaufgaður 13. júní.

Þann 28. ágúst vögu haustlitir byrjaðir að sjást á skóginum og 18. september var hann mjög farinn að gulna og lauffall að byrja.

Mest var lauffallið dagana 23. og 26. september og lauflaus var skógurinn í lok mánaðarins.

b. Vöxtur.

Vöxtur var heldur góður á greni og furu, þó heldur væri kalt í júní og júlí, enda varxá sumarið áður hagstætt.

c. Fræfall.

Barkfræ var mjög lítið á skóginum og var því engu safnað.

Á barrtrjám var dálítið af könglum, en aðeins var litlu magni af lerkikönglum safnað, þar sem fræproski virtist afar lélegur.

d. Skaðar á trjám.

Í fyrri hluta júní sýndist mér allt benda til að maðkur yrði á skóginum, þriðja árið í röð. Svo varð þó ekki, svo neinu næmi. Tel ég vafalítið að kuldarnir í júní hafi átt þátt í því að svo varð ekki.

Frostin í september voru það væg að engar verulegar skemmdir voru sjáanlegar í gróðrarstöðinni, né heldur í skóginum.

3. STARFSFÓLK.

Litlar breytingar urðu á starfsfólki áðrar en þær að Ragnar Guðmundsson, sem verið hafði á Vöglum síðan 1971, flutti burt. hans stað kom Sigurpáll Jónsson frá Akureyri með konu og tvö börn.

Með tilkomu á nýju bókhaldi, er ekki hægt að sundurliða launa-greiðslur eins og gert hefur verið.

Launagreiðslur (laun skógarv. ekki meðtalin) voru kr. 21.118.962. Greiðslur fyrir fæðiskostnað voru kr. 590.694 og greiðslur vegna aksturs starfsmanna kr. 659.425.-, alls kr. 22.369.00.-

Það vekur athygli að greiðslur vegna veikinda og slysa er kr. 941.290.- og lögboðnir frídagar, kr. 354.797. Á móti koma greiðslur frá Tryggingastofnuninni kr. 144.296.-, mism, kr. 1.151.795.00, tæp 5% af heildargreiðslum.

Ráðskona var Guðrún Jónsdóttir, verkstjörn annað-
st Þorsteinn Arnþórsson.

4. G I R Þ I N G A R.

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður girðinga varð kr. 502.911 og umsjón, þ. e. smölum og eftirlit kr. 278.902.-.

Í Vaglagirðingu var bætt 90 staurum 6 f. fúavörðum og 20 staurum 5 f. ófúavörðum.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 35 staurum 5 f. ófúavörðum og 20 staurum 6 f. fúav.

Í Sandhaugagirðingu var bætt 95 staurum 6 f. fúav. og 20 staurum 5 f. ófúav.

Í Þórðarstaðagirðingu var 100 staurum 6 f. fúav. og 55 staurum 5 f. ófúav. Ennfremur 65 járnstaurar, 2 rl. vírnet og 2 rl. gaddavír.

Í Vaglagirðingu á Þelamörk var bætt 25 staurum 6 f. fúav.

5. SKÓGARHÖGG.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1978.

	<u>Staurar 5 fet</u>	<u>Staurar 6 fet</u>	<u>Efniv. tonn.</u>	<u>Eldiv. tonn.</u>	<u>Ým. sl. Tonn</u>	<u>Samtals krónur.</u>
Sala 1978		172	8.00	143.34	4.00	4.084.814.-
S. r. Vöglum	135	330		4.00		378.000.-
Birgðir Vöglum	<u>600</u>	<u>1.000</u>	<u>6.00</u>	<u>15.00</u>		<u>1.220.000.-</u>
	735	1.502	14.00	164.34	4.00	5.682.814.-
Birgðir 1977	<u>110</u>	<u>990</u>	<u>6.00</u>	<u>20.00</u>		<u>877.750.-</u>
Högg 1978	<u>625</u>	<u>512</u>	<u>8.00</u>	<u>142.34</u>	<u>4.00</u>	<u>4.805.064.-</u>
Tonn	<u>3.13</u>	<u>4.10</u>	<u>8.00</u>	<u>142.34</u>	<u>4.00</u>	<u>161.57</u>

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu, sýnir beinar tekjur m/ söluskatti, kr. 4.084.814.-, sem skiftist þannig:

Staurar.....	kr. 131.700.-
Efniviður.....	- 542.253.-
Reykviður.....	- 2.375.011.-
Arinnviður.....	- 560.050.-
Plattar, lerki, birki-	181.600.-
Blómasúlur.....	- 114.200.-
Ýmislegt.....	- <u>180.000.-</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr. 4.084.814.-</u>

Andvirði seldra viðarafurða, viðar til eigin nota og birgðir námu kr. 5.682.814.-. Vinnulaun við skógarhögg voru kr. 4.132.942.-.

Mest var skógarhöggið í Vaglaskógi, eða rúml. 80 tonn viðar. Var aðallega höggvið í syðri hluta skógarins og tekin bröttin, sliguð og feyskin tré. Kom talsvert viðarmagn úr giljum, þar sem ekki hafði verið áður lagt í að hreinsa til að neinu ráði.

Í Þórðarstaðaskógi voru höggvin um 35 tonn viðar. Var þar höggvið sunnan við svæði það er Landsbankinn færir undir sumarbústaði og svo til eingöngu tekin tré sem brotnað og sligast höfðu í snjóflóði sem féll veturinn 1974. Er þar ennþá talsvert viðarmagn sem þörf væri á að fjarlægja.

Í Sigríðarstaðaskógi voru höggvin um 25 tonn viðar, aðallega í skóginum suðvestan verðum, ofan af gróðursetningum.

Mest af smíðaviðnum hefur verið selt til Ármanns Þorgrímsson, Akureyri. Framleiðir hann hillusamstaður í birki og nýlega hefur hann hafið framleiðslu á sófasettum úr sama efni. Var nú hafin sögun á þilum í fyrrnefndar hillusamstaður, í bandsög sem keypt var fyrir tveim árum, fyrst og fremst með það í huga að nýta birki sem annars færi í eldnn. Vegna annrækis voru aðeins sagaðir 1600 þilar, 35x5x5 cm. Vonandi er þetta aðeins byrjunin á öðru meira.

Tekjur af sölu jólatrjáa og greina voru kr. 3.843.350.--. Seld voru 479 jólatré að verðmæt kr. 2.632.550.--. Íslenskar furu- og greinigreinar voru seldar fyrir kr. 154.300.-- og greinar frá landgræðslusjóði fyrir kr. 1.084.000.--, en innkaupsverð þeirra greina var kr. 700.770.--. Ágóði af þeirri sölu varð því kr. 383.300.--. Kostnaður við töku og sölu jólatrjáa og greina varð kr. 537.453.000.--, og er þá vinna skógarv. auðvitað ekki meðtalin.

Þess má geta að farnar voru söluferðir til Dalvíkur, Ólafsfjarðar og svo til Húsavíkur og Mývantssveitar.

Þá voru einnig látin jóltré í deilðar kaupfélaganna í sýslunni, sem önnuðust söluna þar.

Átlað var að hefja sölu á jólatrjám og greinum á Akureyr. Var átlunin að hafa um það samvinnu og samkomulag við Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Var því máli ekki vel tekið, ekki sést af framkvæmdastjóra félagsins. Varð því niðurstaðan sú að vera ekki með sölu þar að sinni.

Það var til hagræðs að sala á jólatrjám og greinum, var víðar en á einum stað, a. m. k. varí askilegt að selt væri á tveim til þrem stöðum. Auka mætt sölu, t. d. með sölu á efni til skreytinga.

Ef hugsað er fram í tímann tel ég nauðsynlegt fyrir stofnunina að tryggja sér sölu á ákveðinnum hundruðshluta af sölu á Akureyri, þegar magn íslenskra jólatrjáa fer að aukast á markaðnum.

Alls voru höggvin um 538 tré, þar af voru seld 479 tré eins og áður getur. Starfsmönnum og öðrum sem hafa lagt stofnuninni lið voru gefin 12 tré, svo að eftir urðu um 47 tré, sem ekki seldust. Var heldur minni sala í S.-Þing. en búist var við, svo og á Ólafsfirði og Dalvík. Verður þess gætt vandlega að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Yztafellsmenn hjuggu 200 tré og 116 tré voru tekin fyrir Skógræktarfélag Þyngvæinga í Fössselsskógi og fóru öll þess tré til sölu hjá Skógræktarfélag Eyfirðinga á Akureyr.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

a. Nývirkni og umbætur.

Engin nývirkni voru gerð í gróðrarstöðinni, nema að unnið var við byggingu við starfsmannabústaðinn og verður þess getið í kaflanum um byggingar.

Ennþá er á óskaliðsta áburðarblandari og kælivélar fyrir plöntugeymslu í kjallara á skemmunni. Í hvorugu tilfellið er um miklar fjárfestingar að ræða, en engu að síður mjög nauðsynlegar framkvæmdir.

b. Fræplöntur.

Sáning hófst 26. maí og var þá sáð í tvö gróðurhús og því sem sáð var úti. Þriðja gróðurhús ó var svo ekki sáð fyrr en 12. júní, vegna þess lerk frá var af skornum skamt.

Það er vonandi að það þurf ekki að koma fyrir eins og stundum hefur viljað til áður, að frá ó sé ekki til þegar hægt er að sá. Sá tími er oft dýrmatur sem þannig tapast.

Sáð var 8.28 kg. af fræ í 409 m². Sáningin tókst yfirleitt vel. Samt voru plönturnar nokkuð smáar í haust, svo talsvert af þeim er á mörkum þess að vera dreifsetningar hæft.

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru um 105 þúsund plöntur og auk þess vaðar 17.500 plöntur af lerk í móbönd s. l. haust.

Við dreifsetninguna unnu þrjár stúlkur.

Stungið var 32.550 vor-græðlingum og auk þess 6.835 sumargræðlingum, alls 39.385.

d. Hreinsun.

Aðallega unnu þrjár stúlkur við hreinsunina, eins og áður. Nú hækkaði kostnaður v. ó hreinsunina um 80%, ef treysta má því að sundurliðunin sé rétt. Þykir mér það nokkuð mikið, þrátt fyrir miklar kauphækkningar, miðað v. ó það að á s. l. ári tókst að lækka þennan lið um 22%.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað var heldur lægrí eða rétt um 4% af heildarkostnaði við rekstur stöðvarinnar.

f. Afhending.

Afhentar voru um 117.000 plöntur og var það 33.000 plöntum færra en áætlað. Munar þar mest um 7000 birki 2/c færra en áætlað, 10.000 ~~lækka~~ hvítgreni gengu ekk út og látið var 8.000 færra lerk en áætlað og mátt það reyndar vel bíða til næsta árs, var ekki nógu og stórt.

Áætlaðar eru til afhendingar 122.000 plöntur, þar af eru 38.000 móbandsplöntur.

Nauðsynlegt er að ákvörðun um afhendingu plantanna sé tekið það tímanlega að ekki þurfi að vera að hræra í þeim hlutum á meðan á afhendingu stendur, nema því aðeins að um stórkostleg vanhöld sé að ræða.

g. Garðplöntur.

Garð- og hnausplöntur voru seldar fyrir kr. 3.864.490.-, aðkeyptar plöntur að verðmæt kr. 824.000.-, sala netto, kr. 3.043.740.-, aukning um 35% frá s. l. ári.

Farnar voru söluferðir til sömu staða og á sl. ári, en auk þess var sent nokkuð að plöntum til Hvammstanga.

Óhagkvæmt flutningateki gerðu þessar ferðir erfiðari en vera þyrfti og á það einnig við um flutning á öðrum afurðum t. d. jólatrjáum og greinum. Voru viðskiptavinirnir farnir að hafa orð á því að ekki væri farartekið hentugt.

Í söluferðinni til Húsavíkur höfum við þurft að fá lánaðann heyvagn aftan í rússajeppann og svo farð með Landrower-jeppa og kerru aftan í.

Pottaðar voru um 4.000 plöntur og stungið tepl. 40.000 stiklingum, svo sem áður getur.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

420 kg. 12-12-17-2
15 - kjarni
25 - kalksaltpétur
31 - superba
7 - magn.sulfat
60 - dolomitt kalk.

Ekið var 15 bílhössum af sverði til notkunar við sáningu og pottun.

i. Annað.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1978.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar skógarpl.	4.480.547.-	
" hnaus-og garópl.....	3.043.740.-	
1/2 kaup verkstjóra.....		860.133.-
1/2 " ráðskonu.....		447.725.-
Ósundurliðað.....		71.832.-
Ræktun skógarplantna.....		2.519.253.-
Hreinsun "		743.865.-
Ræktun garóplantna.....		1.971.410.-
Jarðabætur.....		31.552.-
Vetrarumbúnaður.....		303.048.-
Jarðefnavinnsla.....		110.935.-
Afgreiðsla.....		260.345.-
Umhverf.....		187.225.-
<u>Samtals kr.</u>	<u>7.524.287.-</u>	<u>7.507.323.-</u>

Tekjurnar eru netto. Fróðlegt væri til samanburðar að fá þessa líði frá hinum gróðrarstöðvunum. Ekki urðu telfend skemmdir af haustfrostum. Lerki var skyggt að venjuy frá 10. ágúst, 1 mánuð.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 12.500 plöntur fyrir Skógrækt ríkisins. Auk þess voru gróðursettar um 4000 plöntur fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga og um 500 plöntur að Hofsa í Svarfaðardal.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Gróðursetning hófst með seinna móti, ekki fyrr en 20. júní og stóð í þrjá daga.

Svo var aftur hafist handa 26. júlí og gróðursett í þrjá daga.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Blágreni	2/2	Highw. S.	509	280
"	Stafafura	"	Skagw. 890	509	200
"	"	"	" "	323	400
"	"	"	" "	502	125
"	Hvítgreni	2/4	M. Pass 581	502	700
"	"	"	" "	Hálsmóar	1.100
"	Sib. lerki	1/1	Alta 894	"	2.900
"	Stafafura	3/0	Skagwa 890	907	500
					<u>6.205</u>
Vaglir, belam.	Bergfura	2/3	Ht. Confl. 840		570
"	Hvítgreni	2/3	Kenai	857	270
"	"	2/3	M. Pass	581	210
"	Birki	2/3	Kittila		50
"	Sib. lerki	1/1	Alta	894	4.875
"	"	1/2	"	894	320
					<u>6.290</u>
	<u>Samtals</u>				<u>12.500</u>

8. HIRÐING.

a. Hírðing, grísljun, úðun og áburður.

Í Fellsskógi var lang mest unnið að umhírðu plantna, hreinsaður birki teinungur frá barrplöntum. Að sama verkefni var einnig unnið í Vaglaskógi, Sigríðarstaðaskóg og Sandhaugaskóg.

Á öllum þessum stöðum, þarf að gera mun stærra áttak ef vel á að vera, en þó sérstaklega í Þórðarstaðaskóg.

Að mínu mati mun meiri nauðsyn að láta umhírðu plantna sitja í fyrirrúmi fyrir gróðursetningu, en hingað til hefur verið gert.

Haldið var áfram grísjun að Vöglum á belamörk og stóráttak gert í grísjun í Grundarreitnum.

Unnið var í vikutíma að grísjun fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga í Fosselsskógi. Er þar mikið verkefni, sem ekki má dragast að framkvæmt verði.

Ennfremur var unnið að grísjun í Höfða í Mývatnsveit. Þar þarf meira að gera og á ég þá sérstaklega við grísjun á lerkinu þar.

Í Hríflu var grísjóð í afmalislundi Jónasar Jónssonar.

9. V E G A G E R D.

Að vegagerð var ekkert unnið frekar en venjulega, utan þess að breytt var lítilsháttar veginum upp í Vaglar, vegna byggingar Þorsteins Arnþórssonar.

Rykbíndiefni var lagt á sama kafla þjóðvegarins í Vaglaskóg og áður og kostaði Vegagerð ríkisins þá framkvæmd.

Ofaniburð vahtar nauðsynlega á kaflann frá brúnni suður að Skógarsel.

10. B Y G G I N G A R.

a. Nýjar byggingar.

Lokið var við viðbygginguna við starfsmannabústaðinn, að innan. Fengust þar fjögur ágæt herbergi, auk snyrtingar.

Eftir er ganga endanlega frá byggingunni að utan, þ. e. elíubera timbur, mála þak og glugga. Einngg er eftir að ganga frá umhverfinu, þekja og jafna.

Vinnulaun á þ. l. ári við bygginguna voru kr. 1.320.656.00. Efniskostnaður er ekki fyrir hendi þegar þetta er ritað.

b. Viðhald og endurbætur.

Smávegis viðhald var á Vaglahúsinu og lagfærðar hurðir á úthúsum.

Ýmsar lagfæringar þarf að gera á húsinu, eins og getið er í síðustu skýrslu.

Einnig þarf að gera endurbætur á íbúðarhúsinu á Þórðarstöðum.

11. VÉLAR OG VERKFERI.

a. Mótórvélar.

Lagfærður var girkassi í bífr. Þ. 2098. Ennfremur var eldri dráttarvélin máluð.

b. Vélar og verkfer.

Á árinu var keypt keðjusög og kjarrsög af Jobu-gerð.

Ef vel ætti að vera þyrfti að kaupa eina keðju-sög til viðbótar. Varahlutur eru dýrir og tafir vegna bilana eru líka mjög kostnaðarsamar.

Kostnaður við viðhald allra véla var kr. 315.877.-, og það aðeins vinna framkvæmd af starfsfólki S. r.

12. ÝMISLEGT.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var mjög margvítt hér í skóginum.

Nú var tekið í notkun nýtt svæði fyrir hjólhúsin sunnan við Þórðarstað, til bráðabirgða.

Komið var fyrir snyrtingum með rennandi vatni í Stórarjóðri, Hréastaðanesi og Flatagerð. Ennfremur við hjólhúsastæðin hjá Þórðarstöðum.

Veru þessar frakvæmdir mjög til bóta og lét fólk ángeju sína í ljós yfir þetta aðstöðu. Samt er hér um bráðabirgða úrlausn að ræða, sem verður vonand ekki til að seinka varanlegum úrbótum.

Þekjur vegna tjaldstæða og hjólhúsa voru kr. 984.402.00.

Greidd vinnulaun vegna framkvæmda og gæzlu voru kr. 1.070.482.00. Eru þá ótalin öll efniskaup.

Nú liggur fyrir að koma upp skipulögðu hjólhúsasvæði á Flatagerði, strax næsta vor.

Sú breyting varð á með Ásbyrg að Nátturuverndarráð tók þar við móttöku ferðafólks.

b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður ferðaðist um með þeim Óla Val Hanssyni og Snorra Sigurðssyni s. hl. apríl til Dalvíkur, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar, Húsavíkur og Hafnalækjarskóla. Voru í þessar ferð heimsopt skógræktar- og garðyrkjufélög og á síðast nefnda staðnum var haldinn aðalfundur Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga.

Aðalfundur Skógræktarfélagi Íslands var haldinn að Stórutjötnum í ágúst. Fóru fundarmenn í Felli skóg og þágu veitingar í boði S. r. eftir skoðunarferð um skóginn. Margir fundarmanna komu einnig í Vaglaskóg og skoðuðu gróðrarstöðina.

Skógarvörður sá um venjulegar framkvæmdir og fór í eftirlits og leiðbeiningar ferðir eins og t.m. vannst til. Hann sá einnig um framkvæmdir Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga í Fosselsskógi, umhirðu plantna og töku jólatrjáa.

Skógarvörður ferðaðist einnig um með Snorra Sigurðssyni, til þess að gera úttekt á framkvæmdum skógræktarfélaganna á norðurlandi.

c. Ím slegt.

Í maí var hafin bygging á íbúðarhúsi skammt sunnan við gróðrarstöðina, vöðveginn upp í Vagl.

Eru það hjónin Guðrún Jónsdóttir og Guðni Þorsteinn Arnþórsson, sem eru eigendur hússins. Var húsið fókelt fyrir áramót.

Nýtt fyrirkomulag var gert á launauppgjör og bókhald. Annast Vegagerð ríkisins, launauppgjör. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta fyrirkomulag og sérstaklega á lipurð þessum í bókhaldinu hjá Vegagerðinni.

Akureyri 7. marz 1979.

